

Akureyrarbær  
Margrét Mazmanian Róbertsdóttir  
Geislagötu 9  
600 Akureyri



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 28. apríl 2014  
Tilvísun: UST20140200241/ksj

### **Tillaga að breytingu á aðalskipulagi Akureyrarbæjar 2005 – 2018. Virkjun á Glerárdal**

Vísað er til erindis skipulagsdeildar Akureyrarbæjar er barst 27. febrúar sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að breytingu á aðalskipulagi Akureyrarbæjar 2005 – 2018.

### **Tillaga að breytingu á aðalskipulagi Akureyrarbæjar 2005 – 2018**

Tillaga að breytingu á aðalskipulagi Akureyrarbæjar 2005 – 2018 felur í sér eftirfarandi: Skilgreind verða tvö iðnaðarsvæði, annars vegar við fyrirhugaða stíflu ofarlega á Glerárdal alls 114,6 ha og hins vegar iðnaðarsvæði fyrir fyrirhugað stöðvarhús í Réttarhvammi norðan Glerár alls 6 ha. Milli svæðanna er áætluð 6 km lagnaleið þrýstipípu. Einnig kemur fram að stofnun fólkvangs á Glerárdal er í undirbúningi og er áætluð stærð hans 74,4 km<sup>2</sup>.

Framkvæmd við vatnsaflsvirkjunina felst í því að stífla Glerá ofan hins eiginlega Glerárgils og leiða vatnið eftir um 6 km langri niðurgrafinni þrýstipípu að stöðvarhúsi í Réttarhvammi norðan Glerár. Inntakslón yrði um 1 ha. Virkjuð fallhæð yrði um 240 m og uppsett afl um 3,3 MW. Framkvæmdin fellur undir 2. viðauka laga nr. 106/2000, en viðaukinn inniheldur lista yfir framkvæmdir sem kunna að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og þarf að tilkynna þær til Skipulagsstofnunar sem metur hvort þær skuli háðar mati á umhverfisáhrifum skv. lögnum.

### **Hverfisvernd**

Í forsendukafla með breytingartillögu aðalskipulags kemur fram að stífla, inntakslón og efri hluti fallpípu verði innan hverfisverndarsvæðis 3.31.2 Hv. Síðan segir: "Mannvirkin hafa lítil áhrif á viðfang hverfisverndar (náttúrufar og útivistargildi)". Hér skortir rökstuðning með fullyrðingu um að áhrif verði engin á útivistargildi og náttúrufar. Fram kemur í samanburði kosta að virkjun hafi rask í för með sér og sjónræn áhrif þar sem mannvirki verði sýnileg. Að mati Umhverfisstofnunar ætti það sama að koma fram í umfjöllun um hverfisvernd svo samræmi sé í umfjölluninni. Að mati Umhverfisstofnunar munu framkvæmdir óhjákvæmilega hafa rask í för með sér og neikvæð sjónræn áhrif og þar með áhrif á

útivistargildi.

### **Virkjun í Glerárdal – samanburður kosta.**


Að mati Umhverfisstofnunar er rangt að segja að óbreytt ástand (engin virkjun) hafi mikil neikvæð áhrif á aðgengi til útivistar og ferðamennsku. Í upphafi greinargerðar kemur fram að leggja þarf nýjan veg frá þjónustuvegi vatnsveitu að stíflustæði. Að mati Umhverfisstofnunar er ekki hægt að fullyrða að ef þessi vegur verði ekki lagður verði áhrifin mikil og neikvæð á útivist og ferðamennsku. Náttúruunnendur myndu eflaust telja það útivist til bóta ef engar framkvæmdir yrðu á svæðinu.


### **Uppgræðsla vegna fallpípu.**

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að notaður verði staðargróður þegar sár er myndast vegna lagningu fallpípu verða grædd upp.

### **Niðurstaða**

Virkjun á Glerárdal mun hafa áhrif á útivistargildi og náttúruverndargildi Glerárdals. Stofnun fólkvangs á rúmlega 70 ferkílómetra svæði utan þeirra mannvirkja sem fyrirhuguð eru mun vernda Glerárdal að öðru leyti. Að mati Umhverfisstofnunar mun það hvernig mannvirki verða útfærð skipta máli varðandi umhverfisáhrif framkvæmdarinnar. Stofnunin telur einnig mikilvægt að við framkvæmdir verði forðast allt óþarfa rask. Mikilvægt er að notaður verði staðargróður við uppgræðslu fallpípustæðis.

Virðingárfyllst  
  
Kristín S Jónsdóttir  
Sérfræðingur

  
Björn Stefánsson  
Sérfræðingur

Skipulagsstofnun

